

Nd.

234. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 45, 14. júní 1929, um verkamannabústaði.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson,
Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er stofnaður byggingarsjóður samkvæmt 1. gr., og aflast honum þá fé sem hér segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skipti 1931.
2. Bæjarsjóður og sveitarsjóður leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til tveggja króna fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kaupsins, í fyrsta skipti 1931.
3. Eigendur lóða og landa í bænum eða kaupsins skulu greiða í bæjarsjóð eða sveitarsjóð sérstakt gjald af öllum lóðum og löndum, sem nemur 4 af þúsundi af fasteignamatverði. Gjaldldagi lóðagjaldsins er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinni 2. janúar 1932, og skal gjaldið greitt úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði í byggingarsjóð, að fullu, ekki síðar en 1. júlí sama ár. Gjald þetta má taka lögtaki á kostnað gjaldenda einum mánuði eftir gjaldldaga.
4. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður með bakábyrgð hlutaðeigandi bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kaupsins aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kaupsins, þá, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglu og útsvörum.

2. gr.

Á eftir 2. málsg. 3. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Byggingarfélagi er einnig heimilt að taka lán úr veðdeild Landsbanka Íslands, og veðdeildinni heimilt að veita lánin gegn 1. veðrétti í húsinu, er tryggð skulu með sérstöku veðskuldabréfi fyrir hverja íbúð. Veitir þá byggingarsjóður lán með 2. veðrétti í húsunum, er tryggð skulu einnig með veðskuldabréfi fyrir hverja íbúð, og nemi lánin samanlögð á 1. og 2. veðrétti í fyrstu allt að 85% af því verði, sem íbúðin kostar uppkomin, með sömu kjörum, sem um getur í 2. málsgrein þessarar greinar. Þó má lánið fara fram úr 85% af kostnaðarverði íbúðarinnar um þá upphæð, sem afföllum veðdeildarlánsins nemur.

3. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, er hljóðar svo:

Verkamannabústaðir, sem byggðir eru samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegnir fasteignagjaldi til ríkissjóðs, bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs fyrstu 5 árin eftir að húsið er fullbyggt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Erfiðleikarnir við framkvæmd laganna um verkamannabústaði eru aðallega lánsfjáarskortur. Stofnuð eru þegar byggingarfélög í sumum bæjum hér á landi, en í öðrum hafa bæjarfélögin í huga að byggja samkvæmt lögnum. Frumvarp þetta fer í fyrsta lagi fram á að auka fé byggingarsjóða með tvöföldu framlagi til þeirra af hálfu ríkis og bæja, eins og var upphaflega í frv. til laga um verkamannabústaði. Í öðru lagi verði lagt á sérstakt gjald, 4% af fasteignaverði lóða í bæjum og kauptúnum, til byggingarsjóðsins, og þykir rétt, að verðhækkun landsins, sem til er komin án tilverknaðar lóðaeigenda, skuli á þennan hátt verða tekjustofn, er beri uppi að nokkru leyti lán til verkamannabústaða.

Í þriðja lagi er leyft að taka veðdeildarlán út á 1. veðrétt í húsunum, en lánin úr byggingarsjóðunum verði þá 2. veðréttar lán, og er á þann hátt hægt að nota veðdeildina til lánveitinga til verkamannabústaða, ekki síður en annara húsa, en það gerir aftur minni þörf byggingarsjóðanna fyrir sérstökum lánunum.

Það hefir sýnt sig við eftirgrennslan um erlend lán til byggingarsjóða samkvæmt lögum þessum, að það er allmikill þröskuldur í vegi fyrir þeim, að ekki er sérstaklega leyft að taka lánin í erlendri mynt, og ríkissjóðsábyrgðin er aðeins á helmingi lánanna. Þykir því rétt að leyfa lántöku í erlendri mynt, og ríkissjóður ábyrgist fulla upphæð lánanna, en ábyrgð hans verður raunverulega ekki meiri en áður, vegna þess að kaupstaðir eða kauptún standa í bakábyrgð fyrir fullri lánsupphæðinni.

Þá er og rétt að létta undir með byggingu verkamannabústaða í fyrstu með að undanþiggja húsin fasteignagjaldi fyrstu 5 árin.

Húsnæðisvandræðin í sumum kaupstöðum og kauptúnum eru orðin svo mikil, að til stórvandræða horfir fyrir heilsu þessarar og næstu kynslóðar, ef ekki er gripið fast í taumana. Sérstaklega eru íbúðir verkalýðsins nálega alstaðar lélegar og heilsuspillandi. Það er skylda hins opinbera að styðja að því á allan hátt, að á þessu fái st bót. Með samþykkt þessa lagafrumvarps er spor stigið í þá átt.